



Kæru Þjálfarar/liðsstjórar

Upplýsingar til félaga sem taka þátt í Hamingjumóti 2021

Þátttökugjald er kr. 3.500 fyrir hvern iðkanda og skulu greidd á reikning 0338-26-880124 kt. 4207871469. Greiða þarf fyrir hvert lið, flokk eða félag í einu. Ekki er hægt að greiða fyrir hvern iðkanda fyrir sig. Senda skal kvittun fyrir greiðslu á netfangið fotboltamot@vikingur.is með skýringum um fyrir hverja er verið að greiða og fjölda iðkenda sem greitt er fyrir. Ekki er hægt að greiða þátttökugjöld á staðnum, er það gert til að draga úr snertiflötum vegna COVID19. Nánari upplýsingar veitir gjaldkeri mótsins í síma 771-1124.

Með hverju liði má vera einn þjálfari og tveir foreldrar sem eru liðstjórar, ætlast er til að a.m.k liðstjóri fylgi sínu liði inn á svæðið og svo útaf því aftur. **MJÖG mikilvægt er að liðstjórar eða þjálfarar séu mættir amk 20 mínútum fyrir fyrsta leik hjá sínu liði til að taka á móti iðkendum.** Lið skulu ákveða fyrir mótið hver sé liðsstjóri þess.

Tekið er á móti iðkendum á bílstæðinu við keppnisvöllinn, en þar er búið að útbúa hringtorg sem forráðamenn geta keyrt til að skutla, ekki er ætlast til að forráðamenn stöðvi bíla þar lengur en fyrir börnin að hoppa út.

Hvert félag á sitt svæði á stæðinu, það eru merki með nöfnum félaganna sem hanga á gaffli félagsheimilisins og á girðingum í kring, nöfn félaga eru í starfrósröð.

Umferðarstýring verður á svæðinu sem vísar á bæði stað(i) sem iðkendum er hleypt úr bílum og þeir svo sóttir aftur. Mælst er til þess að iðkendur í sama liði reyni eftir fremsta megni að sameinist í bíla.

Reikna má með að hvert lið sé u.þ.b. 2-2,5 klst á svæðinu við keppni.

Leikið er í 5 manna liðum, 6 lið í hverjum riðli. 7. flokkur spilar fimm 12 mínútna leiki og 8. flokkur spilar fimm 8 mínútna leiki.

Leikdagar

Laugardagur
7.flokkur karla
8.flokkur karla

Sunnudagur
7.flokkur kvenna
8.flokkurkvenna

Eftir að lið hefur lokið keppni fá iðkendur gjafapoka með ýmsum glaðningi. Fyrirkomulagið er þannig að liðsstjóri sækir gjafapokana fyrir alla í sínu liði, mótsgjafir sækir liðstjórinn á borð fyrir framan aðalinnganginn í félagsheimilið og verða greiðslur vegna þátttöku stemmdar af við afhendingu gjafapoka.

Um leið og við óskum ykkur góðs gengis viljum við minna alla á að hafa gaman af leiknum og spila þróðmannlega. Einnig viljum við benda á að fyllt er ítrústu sóttvörnum og biðjum alla að halda sig innan síns hólfis og vera duglega að spritta.

Hagnýtar upplýsingar á meðan mótinu stendur má alltaf finna á heimasíðu Víkings

<https://vikingur.is/hamingjumotid/>